

Ed.

69. Frumvarp til laga

um mat á matjessild og skożkverkaðri sild.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Öll matjessild og skożkverkuð sild, sem verkuð er hér á landi og í islenskri landhelgi, skal metin og flokkuð eftir gæðum, þegar hún er fullsöltuð til útflutnings, af sildarmatsmönnum, undir umsjón sildarmatsstjóra. Hverri sendingu matjessildar til útlanda fylgi vottorð sildarmatsmanna, og sé í vottorðinu tiltekin nákvæm tala tunna í hverri sendingu og hvaða gæða- (og stærða-) flokki sildin tilheyri. Í vottorðinu séu einnig tilgreind merki saltenda, söltunarnúmer og matsmerki.

2. gr.

Ráðherra skipar matsstjóra og matsmenn, að fengnum tillögum matsstjóra, og setur þeim erindisbréf. Matsstjóri skal hafa sérþekkingu á öllu því, er lýtur að sildarmati. Hann skal, eftir því sem kostur er á, fylgjast vel með öllum nýjungum og framförum í sildarverkun, kynna sér stöðugt kröfur markaðanna um verkunaraðferðir og vörugæði og aðstoða framleiðendur í því að koma fram umbótum á verkun sildar. Hann hefir yfirumsjón með framkvæmd matslaganna, sér um samræming

matsins í hinum ýmsu héruðum, hefir eftirlit með matsmönnum og leiðheindir þeim í starfi þeirra.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Til að standast kostnað við matið skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsgjald, er nemi kr. 0,20. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra ásamt útflutningsgjaldi. Um kaup sildarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl. skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

4. gr.

Matsstjóri og sildarmatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá saltendum eða kaupendum sildarinnar. Þeir mega ekki reka neinn sjálfstæðan atvinnuveg, sem lýtur að sildarsöltun, sildarverzlun eða sildarútgærd. Þeir mega ekki vera í þjónustu þeirra, er þeir meta sild fyrir, né vera þeim háðir á annan hátt. Matsstjóri og matsmenn hafa algerða þagnarskyldu um allt, er þeir verða áskynja um í starfi sínu, og mega ekki við óviðkomandi láta uppi neitt annað um ástand vörunnar en það, sem stendur í matsvottorði.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd matsins, merkingu sildar og annað það, er þurfa þykir. Einnig er honum heimilt að setja reglugerð um frjálst mat á annari sild en matjessild, ef um það koma fram beiðnir frá sildarsaltendum, eða ef sildarútsvegsnefnd álitur það nauðsynlegt.

6. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út matjessild án þess að láta meta hana og fá matsvottorð um, að hún sé útflutningshæf, sæti 500—2000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð. Ef um ítrekað brot er að ræða, má hámarkssekt vera allt að 5000 kr. Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum fer sem um almenn lögreglumál.

7. gr.

Sannist þær misfellur á matsvottorðum matsstjóra eða matsmanna, sem álita verður, að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, bera þeir ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir, og má þá svipta þá stöðu þeirra fyrirvaralaust.

Um hegningu fyrir brot matsstjóra og matsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer að öðru leyti eftir hinum almennu hegningarlögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk sildarútsvegsnefndar, og óskar nefndin eindregið eftir, að það nái fram að ganga á Alþingi því, er nú situr. Ástæður frv. telur nefndin helztar þessar:

Það er almennt viðurkennt, að til þess að tryggja fyllilega gæði útflutningsvöru er nauðsynlegt, að mat fari fram á vörunni. Þetta er viðurkennt af löggjöfinni með því, að fyrirskipað hefir verið útflutningsmat á saltfiski, hertum fiski, kjöti, bæði frystu og söltuðu, ull, lýsi og jafnvel fleiri vörutegundum. Kröfur kaupenda um vöruvöndun og samkeppni við aðrar þjóðir gera þetta alveg nauðsynlegt.

Sildarmat hefir áður verið lögboðið hér á landi, en var numið úr gildi um leið og lögín um sildareinkasölu Íslands voru afnumin, enda var þá áður búið að fella ákvæðin um sildarmat inn í þau lög. Var sildarmatið þá framkvæmt þannig, að sildin var fyrst metin fersk og ábyrgðinni þannig í raun og veru létt af sildar-

saltandanum, auk þess sem matið kostaði mikið fé. Þá var matið einnig undir yfir-
stjórn seljandans, Sildareinkasölu ríkisins, í stað þess, að heppilegra verður að telj-
ast, að matið sé dómstóll, er standi heint undir ríkisstjórn og óháð bæði seljanda
og kaupanda, eins og nú gildir um allt annað útflutningsmat.

Sildarútvegsnefnd hefir ekki viljað fara inn á þá braut, að leggja til, að lög-
boðið yrði mat á fersksild, bæði vegna þess, að það hefir óþarfa kostnað í för með
sér, og eins vegna þess, að þó að sildin sé að visu hæf til söltunar, þegar hún kemur
að bryggju, getur meðferð hennar hjá saltanda hæglega gert hana óhæfa sem út-
flutningsvöru. Telur nefndin því heppilegra að lögbjóða útflutningsmat og skyldumat
aðeins fyrir matjessild.

Að visu hefir meðferð og vöruvöndun á matjessild batnað mjög mikið hin
síðari ár, síðan sildarútvegsnefnd tókst á hendur sölu matjessildar, og hefir nefndin
haft starfsmenn til þess að leiðheina saltendum og lita eftir verkuninni. Nú telur
nefndin þetta ekki fullnægjandi lengur, vegna þess að þó að sildin sé útflutnings-
vara, er hún af mismunandi gæðaflokkum. Kaupendur finna þetta, og stærstu keppi-
nautar okkar um matjessildarverkun hér við land eru þegar fyrir tveimur árum
búnir að lögbjóða hjá sér þrjá gæðaflokka fyrir útflutta matjessild, og telur sildar-
útvegsnefnd því ekki mega dragast lengur að lögfesta ákvæði þau, er frv. felur í sér,
til þess að koma í veg fyrir, að vér Íslendingar verðum undir í samkeppninni. Í frv.
er gert ráð fyrir heimild til að ákveða frjálst útflutningsmat á annari sild en matjes-
sild, og ennfremur, að sérstakt gjald, kr. 0,20, megi taka fyrir sild, sem metin er til
útflutnings. Ætti lögfesting frv. því ekki að hafa nein teljandi útgjöld í för með sér
fyrir ríkissjóð.